



Starfssamband

Við leggjum áherslu á vandað gagnsætt ráðningarferli með það að markmiði að velja hæft starfsfólk sem fellur vel að vinnustaðamenningu NTÍ. Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og tryggjum að það komist fljótt og vel inn í verkefni og tengist vinnufélögum. Við starfslok kveðjum við fólk með virðingu og gefum tækifæri á sveigjanleika. Tekið er vel á móti verktökum og tímabundnu starfsfólki og þeim veitt viðeigandi þjálfun eftir eðli og ábyrgð verkefna.



Stjórnun og forysta

Stjórnunin byggist á þátttöku alls starfsfólks, þar sem fólk er treyst og fær skýrt umboð til athafna. Leitast er við að nýta styrkleika starfsfólks þvert á starfssvið. Lögð er áhersla á liðsheild, jafna dreifingu álags og þátttöku allra í aðkallandi verkefnum. Stuðlað er að stöðugri framþróun í starfsemi og viðbragðsgetu í samræmi við ábyrgð stofnunarinnar. Tryggt er aðgengi að utanaðkomandi sérfræðipækningu þegar þess gerist þörf.



Vinnustaðamenning

Við leggjum mikla áherslu á liðsheild og vinnum saman sem teymi. Við fögnum fjölbreytileika og temjum okkur opin tjáskipti þar sem allar skoðanir eiga rétt á sér. Við erum metnaðarfull og kunnum að meta frumkvæði og umbótahugsun, því við erum sífellt að leita að betri og skilvirkari leiðum til að sinna hlutverki okkar. Við erum glaðlynd og jákvæð gagnvart áskorunum í starfinu.



Starfsþróun

Starfsfólki er treyst fyrir fjölbreyttum verkefnum og er hvatt til að sýna frumkvæði í starfi. Starfsþróun og endurmenntun tekur mið af áhuga, sérfræðipækningu og starfssviði hvers og eins. Áhersla er lögð á teymisvinnu og valdeflingu starfsfólks og að það geti tekist á við aukna ábyrgð eða verkefni tímabundið vegna sveiflna í starfsemi.



Heilsa og líðan

Við erum heilsueflandi vinnustaður og leggjum áherslu á góða heilsusamlega aðstöðu starfsfólks. Okkur er annað hvert um annað og sýnum umhyggju í verki. Lögð er áhersla á opinská og jákvæð samskipti og við bregðumst við óæskilegri hegðun. Tekið er tillit til fjölskylduábyrgðar starfsfólks með hagsmuni allra að leiðarljósi.